

Mættir: Guðrún G Halldórsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Hákon Davíð Halldórsson, Magnús Kristjánsson, Eva Björk Björnsdóttir og Solveig Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Starfsáætlun skólans 2021-2022 – Farið yfir áætlunina sem skólaráð hafði fengið senda fyrir fundinn til yfirlestrar. Guðrún rennir yfir og svarar spurningum.

Starfsáætlun skólaráðs er tilbúin og lagði Guðrún hana fyrir skólaráðið til skoðunar og undirritunar. Í henni er þekktum umfjöllunarefnum ráðsins raðað á fundi yfir skólaárið og verður svo öðrum málum sem upp koma skellt inn í áætlunina eftir því sem við á. Fyrirhugað er að halda fjóra fundi á þessu skólaári. Á opnum fundi skólaráðs í vor verða kynntar niðurstöður úr skólapólsa og unnið að umbótaáætlun með starfsfólki skólans.

Spurt af hverju lengri ferðir séu ekki inni á skóladagatali og Guðrún svarar að ekki sé vitað með tímasetningar slíkra ferða og einnig sé núna verið að vinna í því að finna annan stað fyrir 7. bekk í stað Reykja. Ferðalagið þangað þykir af langt og stefnt er að því að finna stað nær og einnig er stefnan að stytta ferðina, 5 dagar þykir heldur langt.

Á þemadögum þetta skólaárið á að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, var á dagskrá síðasta ár en féll niður vegna Covid.

Vinna er í gangi við nýja skólamenningaráætlun. Meðal fyrstu skrefa er að í október verður markvisst unnið með að allir í skólanum heilsist með því að segja „Góðan daginn“ og leggi þannig grunn að góðum og jákvæðum degi. Í nóvember, desember og janúar verður vinna í öllum bekkjum með einkunnarorð skólans, vinátta, virðing, víska.

Starfsmannamál – í haust voru vandræði með mönnun í Frístund og var því einungis 1. og 2. bekk boðin vistun, en nú eru málin að komast í lag og verður orðið fullmannað um mánaðarmótin.

Framkvæmdir í sumar – fótboltavöllur fyrir neðan íþróttahúsið er að verða tilbúinn.

Fundi slitið klukkan 16:15